

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 23. október 2007 var samþykkt deiliskipulag í Flóahverfi á Akranesi.

Deiliskipulagssvæðið er um 34 ha að stærð og er nýtt iðnaðar- og athafnasvæði Akraneskaupstaðar.

Svæðið er í norðurhluta bæjarins, sunnan við núverandi iðnaðarsvæði í Höfðaseli. Skipulagið afmarkast af núverandi þjóðvegum, Akrafjallsvegi nr. 51 og Akranesvegi nr. 509, Höfðaseli og fyrirhuguðu vegstæði þjóðvegur skv. aðalskipulagi Akraness 2005–2017 og óskipulögðu svæði.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 19. ágúst 2008.*

**Guðný J. Ólafsdóttir**, fulltrúi sviðsstjóra.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. ágúst 2008